

Alþingi - skrifstofa
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 20. 01 .2004
R040013/115
HKrG/ev

Efni: Þingskjal 359 - mál 313. Frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna.

Frumvarpið sem hér er til umsagnar felur í sér skilgreiningu á samstarfsferli atvinnuveitanda og starfsmanns hans þegar um er að ræða uppfinningar starfsmanna. Í frumvarpinu er lagt til að lögfestar verði meginlínur í samskiptum þeirra á fyrstu stigum ferlis uppfinninga til umsóknar um einkaleyfi og síðar hagnýtingar. Frumvarpið nær til starfsmanna fyrirtækja, starfsmanna sem sinna vísindastörfum við háskóla eða aðra skóla á háskólastigi, svo og þeirra er starfa hjá opinberum rannsóknastofnunum.

Við lýsum stuðningi við frumvarpið. Við gerum ekki athugasemdir við einstakar greinar og tókum undir að hliðstæð lög eiga að gilda hvort heldur starfsmaður vinnur hjá fyrirtæki, í vísindaumhverfi háskóla eða hliðstæðri menntastofnun eða hjá opinberi rannsóknastofnun.

Rannsóknamiðstöð Íslands telur þó rétt að hugað verði að eftirfarandi:

1. Að afrakstur rannsókna sem studdar eru með opinberu fé sé hagnýttur í auknu mæli í atvinnulífinu. Í þessu sambandi er vísað til athugasemda við lagafrumvarpið þar sem fjallað er um dönsk og bandarísk lög um eignarrétt á sviði uppfinninga.
2. Stefna ber að því að fækka hindrunum á leið uppfinninga og styrkja hvata sem geta stuðlað að meiri hagnýtingu uppfinningu í atvinnulífinu. Hindranir eru margar. Sumar eru fjárhagslegar, aðrar tæknilegar og enn aðrar háðar því hvort uppfinningin verður til í starfsumhverfi fyrirtækis, vísindaumhverfi háskóla eða rannsóknarumhverfi opinberar stofnunar. Hvatararnir eru einnig nokkrir. Áhrifamest er vonin um efnahagslegan ávinning, aðrir hvatar eru meira tengdir starfsumhverfinu.

Með kveðju

Hans Kr. Guðmundsson